

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar-mars 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2005 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 9,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 8,9 milljörðum króna hagstæðari útkoma heldur en fyrir sama tímabil í fyrra. Þá er útkoman 13 milljörðum betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 14,8 milljörðum hærrí en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 5,3 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 15,5 milljarða króna en var jákvæður um 3,6 milljarða í fyrra. Þar sem uppgjórið nær aðeins til þriggja mánaða geta tilfærslur greiðslna milli mánaða haft veruleg áhrif á samanburð við fyrra ár.

Heildartekjur ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi þessa árs námu um 79,5 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 14,8 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 25,4%. Þar af námu skatttekjur ríkisins 75,1 milljarði króna og hækkuðu ívið minna eða 22,8% sem jafngildir um 17,6% raunhækkun.

Skattar á tekjur og hagnað námu 29,3 milljörðum króna sem er 23,3% meiri innheimta miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þar af jókst innheimta skatta á tekjur og hagnað einstaklinga um 13,3%, lögaðila um 6% og innheimta fjármagnstekjuskatta jókst talsvert meira eða um 53,4%. Innheimta tryggingagjalda nam tæplega 7,6 milljörðum króna og hækkaði um 20,5% á milli ára. Til samanburðar má nefna að á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4,4% og launavísitala Hagstofu Íslands um 6,6%. Innheimta eignaskatta jókst einnig eða um 1,2 milljarða frá sama tíma í fyrra og endurspeglar sú hækkun fyrst og fremst aukna innheimtu stimpilgjalda enda hefur verið mikil aukning í veltu á fasteignamarkaðinum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra eða um 47,9%.

Þróun almennra veltuskatta, og þá sérstaklega virðisaukaskattsins, gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hækka almennir veltuskattar um 20,4% eða um 15,3% að raungildi. Þar munar mestu um tæplega 22,9% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem er talsvert meiri hækkun en átti sér stað á sama tímabili á síðustu tveimur árum þegar aukningin var tæp 12% milli ára. Auk þess skila vörugjöld af ökutækjum, bensíni og áfengi umtalsvert meiri tekjum en í fyrra, ekki síst vörugjöld af ökutækjum en á fyrstu þremur mánuðum ársins jókst innflutningur bifreiða um 61,4% frá fyrra ári. Að öllu samanlögðu gefa innheimtutölur, fyrstu þrjá mánuði ársins, enn frekari vísbendingar um að lítið lát virðist vera á almenni eftirspurn sem er takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá 27. apríl sl.

Greidd gjöld námu 70,3 milljörðum króna og hækkuðu um 5,2 milljarða frá fyrra ári, eða um 8%. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs eða um 67%. Þar kemur einnig fram um 70% hækkunar gjalda milli ára, eða sem nemur 3,6 milljörðum króna. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 2,3 milljarða og 1 milljarð vegna fræðslumála. Þá hækka vaxtagreiðslur einnig um milljarð milli ára. Útgreiðslur vegna samgöngumála hækka um 0,6 milljarða en önnur frávik eru mun minni. Greiðslur til nokkurra málaflokka lækka milli ára, s.s. til landbúnaðar- og sjávarútvegs mála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 11,4 milljörðum sem skiptast þannig að 9,2 milljarðar eru vegna afborgunar erlends langtímaláns og 2,1 milljarður er forinnlausn spariskírteina. Þá voru 0,9 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Lántökur námu aðeins 1,1 milljarði króna þar sem stutt lán í formi ríkisvixla voru greidd niður á móti lántöku með ríkisbréfum og erlendum skammtímalánum. Þrátt fyrir afborganir umfram lántökur næmu 10,3 milljörðum króna þá batnaði greiðsluafkoman um 4,4 milljarða á tímabilinu sem skýrist af því að handbært fé frá rekstri og fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 15,5 milljarða króna.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - mars 2005 (Í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	54.010	55.454	68.337	64.635	79.449
Greidd gjöld.....	55.485	55.945	61.957	65.039	70.255
Tekjujöfnuður.....	-1.475	-491	6.380	-404	9.194
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-73	-31	-10.720	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.658	-1.427	-3.595	838	108
Handbært fé frá rekstri.....	-3.206	-1.949	-7.935	435	9.301
Fjármunahreyfingar.....	-545	2.015	14.340	3.177	6.210

Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	-3.751	65	6.405	3.611	15.511
Afborganir lána.....	-6.400	-10.753	-4.953	-13.950	-11.404
Innanlands.....	-6.355	-612	-4.913	-57	-2.220
Erlendis.....	-45	-10.141	-40	-13.893	-9.184
Greiðslur til LSR og LH.....	-3.750	-2.250	-1.875	-1.875	-850
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-13.902	-12.938	-423	-12.214	3.257
Lántökur.....	13.113	15.634	5.081	34.626	1.094
Innanlands.....	9.433	5.516	12.040	14.240	-3.831
Erlendis.....	3.680	10.118	-6.960	20.387	4.925
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-789	2.696	4.657	5.064	4.351

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Skatttekjur í heild.....	54.106	61.192	75.132	2,9	5,0	13,1	22,8
Skattar á tekjur og hagnað.....	20.483	23.779	29.310	0,0	8,3	16,1	23,3
Tekjuskattur einstaklinga.....	14.037	15.501	17.569	14,0	2,9	10,4	13,3
Tekjuskattur lögaðila.....	699	2.021	2.142	-48,1	-39,9	189,1	6,0
Skattur á fjármagnstekjur og fl.....	5.747	6.257	9.599	20,6	1,2	8,9	53,4
Tryggingagjöld.....	5.656	6.325	7.621	10,8	3,6	11,8	20,5
Eignarskattar.....	1.961	2.392	3.621	-17,5	-8,6	22,0	51,4
Skattar á vöru og þjónustu.....	25.867	28.600	34.445	-0,9	11,1	10,6	20,4
Virðisaukaskattur.....	16.008	17.895	21.990	0,0	11,9	11,8	22,9
Aðrir óbeinir skattar.....	9.859	10.705	12.455	-2,2	9,8	8,6	16,3
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	859	1.141	2.027	-31,5	50,4	32,8	77,7
Vörugjöld af bensíni.....	1.728	1.975	2.041	-3,2	11,1	14,3	3,3
Þungaskattur.....	1.630	1.929	2.172	-5,7	3,7	18,3	12,6
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	2.247	2.188	2.368	-0,6	24,6	-2,6	8,2
Annað.....	3.395	3.472	3.847	6,6	-2,3	2,3	10,8
Aðrir skattar.....	140	95	135	4,2	-3,4	-31,8	41,9
Aðrar tekjur.....	14.231	3.444	4.318	-0,1	261,4	-75,8	22,9
Tekjur alls.....	68.337	64.635	79.449	2,7	23,2	-5,4	25,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Almenn mál.....	6.161	7.217	7.260	21,9	-4,0	17,1	0,6
Almenn opinber mál.....	3.486	4.008	3.990	31,5	-8,2	15,0	-0,5

Löggæsla og öryggismál.....	2.675	3.209	3.270	10,3	2,1	19,9	1,9
Félagsmál.....	38.500	43.619	47.218	13,1	12,2	13,3	8,3
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	8.757	10.634	11.588	15,1	8,0	21,4	9,0
Heilbrigðismál.....	15.816	17.242	19.524	18,4	11,2	9,0	13,2
Almannatryggingamál.....	11.799	13.266	13.489	4,0	17,0	12,4	1,7
Atvinnumál.....	7.727	8.502	9.031	-4,0	-4,2	10,0	6,2
Þar af: Landbúnaðarmál.....	2.974	2.991	2.829	-12,1	-1,4	0,6	-5,4
Samgöngumál.....	2.501	3.132	3.763	8,5	-17,2	25,2	20,1
Vaxtagreiðslur.....	6.277	2.698	3.698	-51,7	46,6	-57,0	37,1
Aðrar greiðslur.....	3.292	3.004	3.049	9,5	14,7	-8,7	1,5
Greiðslur alls.....	61.957	65.039	70.255	0,8	10,7	5,0	8,0